



**Fundargerð framhaldsaðalfundar**  
**Landsbankans hf. 2016**

Framhaldsaðalfundur Landsbankans hf. var haldinn föstudaginn 22. apríl 2016 kl. 13:00 í Austurstræti 11, Reykjavík.

Til fundarins var boðað eftir að kosningu bankaráðs var frestað á aðalfundi bankans 14. apríl 2016 og var númerandi bankaráði þá falið að auglýsa sérstakan framhaldsaðalfund.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Kosning bankaráðs.

Ása Ólafsdóttir hafði verið kjörin fundarstjóri á aðalfundi bankans og stýrði því einnig framhaldsaðalfundinum.

Hún tók fram í upphafi að Kristinn Briem sem kjörinn var fundarritari á aðalfundinum myndi gegna því embætti áfram á þessum fundi og komu ekki fram athugasemdir við það.

Ása gerði grein fyrir því að til fundarins hefði verið boðað með löglegum hætti og lýsti hann löglegan að öðru leyti. Mætt var fyrir eigendur hlutafjár að nafnvirði 23.567.858.662 kr. eða sem svarar til 99,1007 % heildarhlutafjár.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrá:

**1. Kosning bankaráðs**

Fyrir framhaldsaðalfundi Landsbankans hf. lá tillaga um að eftirtaldir einstaklingar verði kjörnir aðal- og varamenn í bankaráð Landsbankans hf. fram til næsta aðalfundar.

**Aðalmenn:**

Helga Björk Eiríksdóttir  
Berglind Svavarsdóttir  
Danielle Pamela Neben  
Einar Þór Bjarnason  
Hersir Sigurgeirsson  
Jón Guðmann Pétursson  
Magnús Pétursson

**Varamenn:**

Ásbjörg Kristinsdóttir  
Samúel Guðmundsson

Jafnframt var lagt til að Helga Björk Eiríksdóttir verði kjörin formaður bankaráðs.

Tillögurnar voru bornar undir fundinn og samþykktar samhljóða.

Fundarstjóri lagði til að sér yrði falið að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara og var það samþykkt samhljóða.


Tryggvi Pálsson, fráfarandi formaður bankaráðs, flutti ávarp í lok fundarins og færði nýkjörnu bankaráði heillaóskir og kom á framfæri þökkum fráfarandi bankaráðsmanna.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Helga Eiríksdóttir".


**Fundargerð**  
Landsbankinn

Þá tók Helga Björk Eiríksdóttir, nýkjörinn formaður bankaráðs, til máls og þakkaði fyrir það traust sem sér hefði verið sýnt með kjöri sínu sem formanns bankaráðs. Þetta væri mikill heiður og hún muni taka sitt hlutverk alvarlega. Hún þakkaði jafnframt fráfarandi bankaráði fyrir samstarfið á síðastliðnum þremur árum.

Hún sagði síðan fundi slitið.



Ása Ólafsdóttir  
fundarstjóri



Kristinn Briem  
fundarritari